

Samstarf lífeyrissjóða og Virk

*Ráðstefna landssamtaka lífeyrissjóða
Fimmtudagur 13. desember 2012*

Upplýst samþykki

Upplýst samþykki

Samþykki til að heimila ráðgjafa hjá sjúkrasjóði og sérfræðingum á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs aðgang að upplýsingum og vinnslu þeirra vegna starfsendurhæfingar

1. Einstaklingur (hér eftir nefndur hinn skráði), fær aðstoð hjá ráðgjafa í starfsendurhæfingu vegna skertrar vinnugetu. Ráðgjafar starfa hjá stéttarfélagum en á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs (hér eftir nefndur VIRK). Ráðgjafi starfa í nánu samstarfi við fjölbreyttan hóp sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum VIRK. Um slíkt samstarf gilda samningar, ákveðin vinnuferli eða reglur VIRK. Hlutverk VIRK er að veita víðtækan stuðning, leiðbeiningar og aðstoð með það að markmiði að efla og /eða endurheimta vinnugetu.
2. Til þess að ráðgjafar og sérfræðingar á vegum VIRK geti veitt hinum skráða þann stuðning, leiðbeiningar og aðstoð sem þörf er á, er nauðsynlegt að þeir safni upplýsingum um hann og hvað það er sem veldur skertri vinnugetu. Þau gögn/upplýsingar sem um ræðir eru:
 - a. Gögn hjá sjúkrasjóði sem tengjast starfsendurhæfingarferlinu: Læknisvottorð og upplýsingar skráðar á þar til gerð eyðublið.
 - b. Gögn útbúin í samvinnu ráðgjafa og sérfræðinga á vegum VIRK; s.s. upplýsingar skráðar á þar til gerð eyðublið eða gátlista af hinum skráða eða sem ráðgjafi skráir beint eftir honum vegna greiningarferlis, starfsgetumats, endurhæfingaráætlun/virkniáætlun og mat á árangri.
 - c. Upplýsingar frá sérfræðingum, heimilislæknum og endurhæfingaraðilum s.s. vottorð, skýrslur, niðurstöður mats og rannsóknna og reikningar vegna starfsendurhæfingar hins skráða.
3. Sérfræðingar sem VIRK hefur á sínum snærum eða getur leitað til vegna starfsendurhæfingar eru t.d. læknar, sálfræðingar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfarar, náms- og starfsráðgjafar eða félagsráðgjafar. Einnig ýmsir sérfræðingar sem starfa hjá sérhæfðum náms- og starfsendurhæfingaraðilum.
4. Aðgangur að upplýsingum um hinn skráða, hvort heldur rafrænum eða á pappír verður takmarkaður við ráðgjafa hans og þá sérfræðinga sem starfa hjá VIRK eða fyrir VIRK sem koma að máli hans. Heimilislæknir eða meðhöndlandi sérfræðingur hins skráða getur einnig fengið aðgang að upplýsingum í formi samantektar eða staðlaðrar skýrslu sem er þá liður í starfsendurhæfingarferli hins skráða. Upplýsingar með markmiðum hins skráða fyrir þátttöku í aðkeyptri þjónustu fer til þjónustuaðila/úrræðaaðila með tölvupósti úr upplýsingakerfi VIRK.
5. Hinn skráði getur, samkvæmt skriflegri beiðni, fengið afhent þau gögn sem skráð eru um hann í upplýsingakerfi VIRK. Gögnin eru afhent í formi samantekta og staðlaðra skýrslna sem lýsa starfsendurhæfingarferli viðkomandi sem og þátttöku hans í starfsendurhæfingunni.
6. Ofangreindar upplýsingar verða skráðar, meðhöndlaðar, vistaðar og unnar í upplýsingakerfi VIRK. Varðveisla og eyðing gagna er samkvæmt upplýsingaöryggisstefnu VIRK. Hinn skráði getur farið fram á að gögnum um hann verði eytt úr upplýsingakerfi VIRK. Þegar miðlun gagna hefur farið fram samkvæmt lið 4 hér að framan þá getur VIRK ekki tryggt að gögnum sé eytt hjá þeim aðila sem upplýsingum var miðlað til.
7. VIRK hefur innleitt öryggiskerfi persónuupplýsinga í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Öryggiskerfinu er ætlað að tryggja að söfnun, vinnsla og varsla upplýsinga upptylli kröfur laga og reglna og að ekki eigi sér stað önnur vinnsla upplýsinga um hinn skráða en lýst er að ofan.

Undirrituð/undirritaður, _____, kt. _____ hefur kynnt sér efni þessa skjals og skilur hvað í því felst og veitir VIRKsamykki sitt fyrir aðgangi að þeim upplýsingum sem hér er lýst og með þeim takmörkunum sem hér er getið.

Staður og dagsetning: _____

Undirskrift: _____

Eintak skráða
Eintak VIRK

Upplýst samþykki - nánar

2. Til þess að ráðgjafar og sérfræðingar á vegum VIRK geti veitt hinum skráða þann stuðning, leiðbeiningar og aðstoð sem þörf er á, er nauðsynlegt að þeir **fái viðeigandi upplýsingar frá....**

*d) Upplýsingar frá heimilislækni, **trúnaðarlækni**, Tryggingastofnun Ríkisins, Vinnumálastofnun, **lífeyrissjóðum** eða öðrum þeim sem koma að þjónustu í starfsendurhæfingu.*

Upplýst samþykki - nánar

3. Aðgangur að upplýsingum um hinn skráða, hvort heldur rafrænum eða á pappír verður takmarkaður við ráðgjafa hans og þá sérfræðinga sem koma að máli hans. **Aðrir aðilar geta fengið upplýsingar** með eftirfarandi hætti:

b) *Lífeyrissjóðir* og TR geta, ef við á, fengið upplýsingar um starfsendurhæfingar-áætlun einstaklingsins, tímabil þjónustunnar, ástundun og árangur. Þetta á einungis við ef lífeyrissjóðir og/eða TR gera kröfu til þessara upplýsinga vegna greiðslu endurhæfingar- eða örorkulífeyris.

Stytttra og einfaldara upplýst samþykki

- Stytttri útgáfa nýtt af trúnaðarlæknum
 - Heimilar VIRK að gefa upplýsingar um einstaklinga sem mæta ekki og hafa því ekki skrifað undir upplýst samþykki VIRK
 - Verið að vinna í forminu
- Lífeyrispegar á leið til VIRK undirriti í viðtali hjá trúnaðarlækni

Móttaka og meðferð heilbrigðisgagna

Markmið vinnulýsingarinnar er að meðferð heilbrigðisupplýsinga sé samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi, og meðferð heilbrigðisgagna sé örugg, skilvirk og í takt við upplýsingaöryggisstefnu VIRK.

Gögn send frá lífeyrissjóðum til Virk

Gögn sem innihalda viðkvæmar trúnaðarupplýsingar eru send frá trúnaðarlækni viðkomandi lífeyrissjóðs til Kristján G. Guðmundssonar, læknis VIRK. (Kristján Guðmundsson, læknir, VIRK Starfsendurhæfing, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík).

Móttaka gagna

Fulltrúi skrifstofu tekur við bréfum sem berast bréfleiðis merkt lækni VIRK og setur bréfið í læstan skjalaskáp á skrifstofu VIRK. Ef beiðnir berast rafrænt frá lífeyrissjóðum í formi læstra pdf skjala skulu þær sendar á netfang læknis VIRK (kristjan@virk.is) með tengilið VIRK vegna samstarfs við lífeyrissjóði í cc (ingibjorgl@virk.is, Ingibjörg Loftsdóttir, sérfræðingur).

Meðhöndlun gagna

Læknir VIRK eða staðgengill hans, opnar bréfin og sendir staðfestingu á móttöku til viðkomandi lífeyrissjóðs. Ingibjörg Loftsdóttir, sérfræðingur og verkefnastjóri fyrir samstarf VIRK við lífeyrissjóði, skráir beiðni um þjónustu í aðgangsstýrt skjal og tilkynnir ráðgjafa um beiðni um þjónustu.

Meðhöndlun gagna einstaklings í þjónustu

Þegar einstaklingur er kominn í formlega þjónustu hjá Virk eru gögn varðandi hann/hana skönnuð inn í Vitann sem er upplýsingakerfi VIRK. Sérfræðingar VIRK og sá ráðgjafi sem sinnir viðkomandi einstakling hafa aðgang að upplýsingum um einstaklinginn í Vitanum auk þess sem þeir fagaðilar sem koma að sérhæfðu mati fá tímabundinn aðgang á meðan á því ferli stendur. Allur lestur og opnun á skjölum í kerfinu er rekjanlegur. Pappírsskjöl eru áfram geymd í læstum skjalaskáp.

Endursending skjala

Ef einstaklingur kemur ekki í þjónustu ráðgjafa VIRK innan árs eru gögn varðandi hann endursend til viðkomandi lífeyrissjóðs.

Reglulegir fundir

- Til athugunar er að koma samskiptum við trúnaðarlækna vegna beiðna til VIRK í fast ferli a.m.k. til að byrja með
 - Fundir 2x í mánuði
 - Aðilar frá VIRK: sjúkráþjálfari og læknir
 - Trúnaðarlæknar geti skráð sig á fundina ef þeir eru með beiðnir um þjónustu sem þarf að taka fyrir

Náin framtíð

Aðgengi trúnaðarlækna að S5-kerfi VIRK

Trúnaðarlæknar hefðu aðgang að „sínu“ svæði í S5-kerfinu sem inniheldur beiðnaform og samtalsbox

Aðgangur þeirra gæti verið í gegnum

- VPN tengingu
- CITREX
- Nettengingu

Form til að fylla út fyrir beiðnir

Nafn einstaklings
Kennitala
Stéttarfélag
Möguleiki til að setja skjöl í viðhengi
Tilkynning berst í tölvupósti til tengiliðs
VIRK, Ingibjargar Loftsdóttur

Samtalsbox

Hér geta læknar beiðið um einstök gögn varðandi einstaklinga í kerfinu
Tilkynning berst í tölvupósti til Ingibjargar

Reitur þar sem fulltrúi VIRK (Ingibjörg) getur hengt einstök skjöl varðandi einstakling sem er í kerfinu ef ástæða þykir til

Þegar kennitala einstaklings sem er þegar í kerfinu er slegin inn koma upp upplýsingar um stöðu einstaklingsins í kerfinu

Mögulega hefðu valdir starfsmenn lífeyrissjóða aðgang að stöðu einstaklinga í kerfinu